

**Heiti máls:** Tillaga að deiliskipulagsbreytingu fyrir Álanesskóg við Álafossvos

**Máls númer:** 0536/2024

**Stutt lýsing:**

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti 24. apríl 2024 að auglýsa tillögu að deiliskipulagsbreytingu fyrir Álanesskóg við Álafossvos skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felur í sér stækkun á mörkum deiliskipulags Álafossvosar fyrir Álanesskóg. Markmiðið er að skilgreina frekar áætlanir og heimildir til framkvæmda, grísjunar og viðhalds skógarins í samræmi við kröfur Umhverfisstofnunar. Áætlað er að gera Álanesskóg að útivistarskógi með áningarstöðum og trjákurldum stígum.

**Stofnað af:** Sindri Birgisson/sindri@mos.is

**Stofnað þann:** 07.05.2024

**Sveitarfélag:** Mosfellsbær

Mál nr. 0536/2024 í Skipulagsgátt

**Vegna:** Máls nr. 0536/2024, Tillaga að deiliskipulagsbreytingu fyrir Álanesskóg við Álafosskvos (Kynning tillögu)

**Athugasemd:**

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda breytingu og gerir ekki athugasemd við hana.

**Höfundur:** Sverrir Aðalsteinn Jónsson/sverrir.jonsson@umhverfisstofnun.is

**Sent inn þann:** 19.06.2024, **Fyrir hönd:** Umhverfisstofnun

Mál nr. 0536/2024 í Skipulagsgátt

**Vegna:** Máls nr. 0536/2024, Tillaga að deiliskipulagsbreytingu fyrir Álanesskóg við Álafoskvos (Kynning tillögu)

**Athugasemd:**

**Höfundur:** Sindri Birgisson/sindri@mos.is

**Sent inn þann:** 11.07.2024, **Fyrir hönd:** Minjastofnun Íslands



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Minjavörður Reykjavíkur og  
nágrennis

Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)

Kennitala: 440113-0280

**Henny Hafsteinsdóttir**  
Minjavörður Reykjavíkur og  
nágr.  
[henny@minjastofnun.is](mailto:henny@minjastofnun.is)

Mosfellsbær  
Skipulagsfulltrúi  
Þverholt 2  
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 11. júlí 2024  
MÍ202405-0096/ 6.09 / 5221

## Efni: Álanesskógur við Álafosskvos - tillaga að breytingu á deiliskipulagi


Minjastofnun barst tölvubréf skipulagsgáttarinnar dagsett 9. maí 2024 þar sem fram kom að Mosfellsbær óskaði eftir umsögn stofnunarinnar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Álanesskóg við Álafosskvos, mál nr. 0536/2024. Meðfylgjandi erindinu var deiliskipulagsuppdráttur unnin af Landmótun dagsettur 05.03.2024. Ætlunin er að stækka deiliskipulagssvæðið um rúmlega 1,2 ha. þannig að Álanesskógur verði innan skipulagssvæðis og hanna áningarstað í skóginum með göngustíg o.fl. Engin hús eða mannvirki eru innan þess svæðis sem stækkunin tekur til.

Antikva ehf. hefur að undanförunu verið að uppfæra fornleifaskráningu fyrir Álafosskvosina en þeirri skráningu er ekki lokið og hefur gögnum ekki verið skilað til Minjastofnunar. Minjastofnun hefur þó borist drög að skráningarskýrslunni og upplýsingar frá Ragnheiði Traustadóttur fornleifafræðingi, sem vinnur að fornleifaskráningu á svæðinu, um að engar fornleifar séu skráðar á því svæði sem stækkun deiliskipulagsins tekur til.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á ofangreindu deiliskipulagi. Þegar endanleg fornleifaskráning liggur fyrir skal hún send Minjastofnun sbr. 15. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllt,

  
Henny Hafsteinsdóttir  
Minjavörður Reykjavíkur og nágr.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnáslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnáslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.